

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 145, 18. mars 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1988.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- | | | |
|---|---------|----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 28,48 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils | kr./ári | 7 841,00 |

Minnsta magn vatns sé fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" | kr. | 3 756,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" | kr. | 5 279,00 |

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr.	45 106,00
hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³	kr./m ³	38,60
Fyrir 2000 m ³	kr	106 011,00
hvern m ³ þar yfir	kr./m ³	31,94

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 8 759,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 200,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 436,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 527,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 575, 15. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1988.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Hvammstanga.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.